

Vélsm.   
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð  
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

SNÆFELLSBÆ

298. tbl - 7. árg.

4. mars 2007



SPARISJÓÐUR  
Ólafsvíkur

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001  
www.spo.is

## Björgin í verkefnum

Björgunarskipið Björg kom með línubátinn Þorlák ÍS-15 til hafnar í Ólafsvík s.l. sunnudag. Það var sjódæla sem gaf sig í bátinum þar sem hann var staddur um tvær sjómílur fyrir utan Beruvík á Snæfellsnesi. Taug var fest á milli björgunarskipsins og Þorláks en áður hafði línubáturinn Jóhanna Gísladóttir ÍS-7 komið Þorláki til aðstoðar. Að sögn skipstjóra Þorláks var báturinn um tvær sjómílur frá landi og rak nær, en það vildi til happs að Jóhanna Gísladóttir var nærstödd og kom fljótlega til aðstoðar. Var Þorlákur á leið til löndunar með um 25 tonna afla sem fékkst út af Eldeyjarbanka í tveimur lögnum.

Unnið var að viðgerð Þorláks í Ólafsvíkurhöfn og lauk henni á mánudag.

Það eru ekki aðeins aðkomubátar sem þurfa á að



stoð björgunarskipsins að halda því að um miðjan síðasta mánuð dró Björgin Saxhamar í land eftir að skipið hafði fengið veiðarfæri í skrúfuna. myndina tók Alfons

**Þín verslun**

Nýtt kjöttíloð hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.

Fjöldi annara tílboða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.

**Verslunin Kassinn ehf.**  
Norðurtanga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 fax 436-1346  
meil. kassinn@thinverslun.is

## Snæfellsbær

Sundlaugin í Ólafsvík verður lokuð frá þriðjud **10. apríl** til föstud **13. apríl** vegna viðhalds.

Íþróttá og Æskulýðsfulltrúi og starfsfólk.



**Golfklúbburinn Jökull**  
auglýsir eftir starfsmanni  
í fullt starf til að sinna umhirðu  
golfvallarins í sumar.

Sá einstaklingur þarf að vera orðin 20 ára og hafa mikinn áhuga á golfþróttinni eða reynslu í umhirðu golfvalla. Samkeppnishæf laun verða í boði.

Áhugasömum er bent á frekari upplýsingar í síma 840-3747 eða í gegnum orvar@fmis.is

# Uppreisn æru



Alvarlegan skugga hefur borið á samfélagið hér í bæ síðastliðna mánuði. Upphaf þess var að bæjarstjóri Snæfellsbæjar í skjóli meirihluta Sjálfstæðismanna, tók sig til og rak alla starfsmenn íþróttamannvirkja bæjarins án þess að lagaforsendur væru fyrir hendi. Eftir mikil átök í bæjarstjórn og á opinberum vettvangi ákvað bæjarstjórn að falla frá uppsögnunum og endurráða alla starfsmennina vegna þrýstings frá íbúum bæjarins, forsvarsmönnum BSRB og SDS en neitaði að endurráða trúnaðarmanninn.

## Misbeiting valds

Bæjarbúar velta því fyrir sér hvort misvitrir ráðamenn geti að geðþótta misbeitt valdi sínu ef þeim sýnist og rekið starfsmenn bæjarins þegar þeim dettur í hug, án skýringa, rökstuðnings og/eða tilgreindra saka. Ofbeldi kallar á, að þeir sem því beita uppskeri eins og þeir sá, beri ábyrgð á gjörðum sínum. Tilfenislaus uppsögn, er bæði andlegt og fjárhagslegt ofbeldi

sem er ólíðandi gagnvart þeim einstaklingi sem fyrir því verður.

## Brotið á réttindum starfsmanna

Verkalýðsfélög starfsmanna fylgdust með þessu máli frá upphafi. Allt var gert til að leysa málið í sátt og samvinnu, án málaferla. Meirihluta bæjarstjórnar og bæjarstjóra var marg benti á það, af lögfræðingum stéttarfélaganna að með uppsögnunum væri brotið á réttindum starfsfólks.

Í bæjarstjórn var tekið á um málið og bæjarfulltrúar J-listans margbókuðu viðvaranir um að verið væri að brjóta mjög alvarlega á réttindum starfsmanna. Þrátt fyrir allt sáu menn ekki að sér og af þeim sökum var mál trúnaðarmannsins kært og tekið fyrir í Héraðsdómi Vesturlands. Dómur var kveðinn í málinu 21. mars síðastliðinn.

## Dómur Héraðsdóms

Í dómsorðum segir meðal annars, að starfsuppsögnin hafi verið ólögmæt. Það hafi verið ólögmæt ákvörðun bæjarfélagsins að endurráða ekki starfsmanninn.

Krafa starfsmannsins á hendur bæjarfélaginu var að öllu leyti tekin til greina.

Snæfellsbær ber allan málskostnað af þessum málaferlum og verður gert að greiða skaðabætur og miskabætur.

## Hvers vegna

Eftir lestur dómsins og við-

töl við lögmenn, sem fullyrða að þeir hafi sjaldan eða aldrei séð eins einaröðan og ákveðinn dóm, veltir maður því fyrir sér hvers vegna svona níðingskapur geti átt sér stað í okkar samfélagi. Ég hef haldið því fram að bæjarstjórnin hafi stýrt þessum ofsóknum á hendur starfsfólkinu á einstaklega óbylgjarnan hátt og dregið meirihluta bæjarstjórnar með sér á snaeyrunum. Bæjarfulltrúar meirihlutans hafa einhverra hluta vegna tapað áttum og verið afvegaleiddir af vegi sanngirni, réttlætis og réttisýni.

## Maður að meiri

Bæjarstjórnin nýtur góðra launa og annars viðurgjörnings frá íbúum Snæfellsbæjar. Af þeim sökum gerum við kröfu til þess að hann vandi

verk sín og ígrundi áður en hann framkvæmi. Honum ber skylda til að gæta þess í starfi sínu að hann er stjórnandi og þjónn íbúanna en ekki þjónn tilgreindrar, afmarkaðrar sérhagsmunaklíku. Í þessu máli sem og fleirum er ekki hægt að segja að vandað hafi verið til verka. Af því tilefni gera bæjarbúar kröfu til þess að bæjarstjórnin sé maður að meiri og standi við orð sín, er féllu í umræðunni um framferði hans og framkomu í þessu máli: „Ég stend og fell með mínum ákvörðunum“.

Nú er dómur fallinn og við reiknum með að bæjarstjóri sé maður að meiri og standi við stóru orðin.

Gunnar Örn Gunnarsson  
Bæjarfulltrúi J-listans



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.  
Pétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



## Ólafsvíkurkirkja

## Helgihald um bænadaga og páska

### Skírdagur 5.apríl

Sameiginleg messa með Grundfirðingum kl. 20.30. Sr. Jón Ásgeir Sigurvinsson settur sóknarprestur í Grundarfirði prédikar. Kaffisopi eftir messu

Föstudagurinn langi 6. apríl  
Kvöldvaka við krossinn kl. 20.30

### Páskadagur 8. apríl Hátíðarmessa kl. 8.00

Kirkjukórinn stendur fyrir morgunkaffi eftir messu gegn vægu verði og er það hluti af fjáröflun kórsins.

Gleðilega páska

Sóknarprestur

## Er kyndikostnaðurinn hárt?

-Kyndirðu með rafmagni? -í heimahús  
-Kynntu þér varmadælurnar -í geymslur  
-Þær lækka kyndikostnaðinn -í útihús  
-í sumarhús



Ís-húsið 566 6000



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is  
Sími: 436 1617

# Ingjaldshólskirkja

## 5. APR. SKÍRDAGUR:

Hátíðarmessa og ferming kl. 11:00

Fermd verða:

Bjargmundur Hermann Sigurðsson

Unnur Sigurþórsdóttir

Vény Viðarsdóttir

## 8. APR. PÁSKADAGUR:

Hátíðarguðsþjónusta kl. 10:00

Eftir messu verður á boðstólum  
morgunverður í safnaðarheimili kirkjunnar

Komum saman í kirkjunni  
til lofgjörðar og þakkargjörðar.

## 6. APR. FÖSTUDAGURINN LANGI:

Krossljósastund kl. 18:00

Sóknarprestur.



## HOBBITINN

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · © 436 1362

### PIZZUTILBOÐ ALLA DAGA

Aflsláttur á Bland í poka á laugardögum

## Getraunir

Strákarnir á Saxhamri og Örygisþjónusta Snæfellsbæjar gerðu jafntefli um síðustu helgi 11-11. Hópleikurinn er í fullum gangi og virðast allir geta blandað sér í toppbaráttuna. Staðan verður birt í næsta blaði. Nú þegar nálgast páska ættu bæjarbúar að taka við sér og gera einn getraunaseðil á laugardaginn. Til að lyfta sölutölum herra,

það sést á síðu 389 í textavarpinu hvað hefur selst í hverri viku og einnig árstölur. Svo viljum við óska öllum gleðilegra Páska. Ópið laugardag frá 10.30 til 13.00 á skrifstofu félagsins að Norðurtanga 1.

Heitt kaffi á könnunni.

Áfram Víkingur.

Stjáni Tótu.

## Aðalflutningar

Öryggi alla leið

Höfum opnað vöruafgreiðslu  
að Norðurtanga 1

Farið er frá AÐALFLUTNINGUM Skútuvoði 8, Reykjavík  
kl. 17:00 alla virka daga.

Afgreiðslan er opin frá 08:00 - 16:00.

Síminn er 431 5613, 895 5613, 899 5613



## Verndaráætlun - kynning

Drög að verndaráætlun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls liggja frammi á bæjarskrifstofum og geta bæjarbúar kynnt sér efni hennar og sent inn ábendingar til þjóðgarðsins.

Drögin eru einnig aðgengileg á heimasíðu þjóðgarðsins [www.ust.is](http://www.ust.is). Athugasemdir og tillögur þurfa að berast skriflega og í síðasta lagi mánudaginn 16. apríl.

Þær skal senda til:

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull,  
Klettsbúð 7, 360 Snæfellsbær

eða á netfangið [gudbjorg@ust.is](mailto:gudbjorg@ust.is)

# Gustaði af Stormi í aðsigi



Það var stuð á þeim félögum í hljómsveitinni Stormur í aðsigi þegar þeir héldu tónleika á Gilinu í Ólafsvík síðastliðið föstudagskvöld. Lék hljómsveitin efni af nýút-komnum diskum sínum sem nefnist Stirður dans. Ekki var

þó að sjá á meðlimum hljómsveitarinnar að þeir væru neitt sérstaklega stírdír á sviði og sýndi Keli söngvari m.a. marga líflega takta eins og sjá má á þessari mynd sem Alfons tók.

## Opnunartími yfir páska

Fimmtudagur 5. apríl	12 - 23,30
Föstudagur 6. apríl	16 - 22
Laugardagur 7. apríl	10,30 - 23,30
Sunnudagur 8. apríl	Lokað
Mánudagur 9. apríl	14 - 23,30



## Hobbitinn

### Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylgja@bylgja.is



### Bifreiðaverkstæði Ægis

Þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja?  
Logar viðvörðunarljós í mælaborði?  
Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir
- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltegunda
- Erum með þjónustu fyrir öll umboð og allar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ  
Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is

## Sumarblað

Strax eftir páska verður farið að taka á móti efni og auglýsingum í sumarblað Jökuls sem kemur út á síðasta vetrardag, 18. apríl.

Blaðið verður prentað í lit.

 **STEINPRENT**  
Sandholt 22, Ólafsvík  
S: 436 1617 · Fax: 436 1610



## STÖRF Í BOÐI

### Ferjan Baldur Stykkishólmi.

Vélstjóra í fasta stöðu sem fyrst.  
Skipið er búið 2 x 1250 hestafla MAK aðalvélum.

### Brimrún Snæfellsbæ.

Vélstjóra frá ca. 15. maí til loka ágúst.  
Skipið er búið 2 x 1330 hestafla MTU aðalvélum.

### Brimrún Snæfellsbæ.

Vinna í veitingasal frá ca. 15. maí til ca. lok ágúst.

Upplýsingar gefur:  
Pétur Ágústsson GSM 864 8865  
eða petur@seatours.is



Sæferðir ehf.  
www.seatours.is

 **KÆLIVER** ehf  
S: 530-3100

# Tónlistarveisla á Hótel Ólafsvík

Sl. laugardagskvöld voru tónleikar á Hótel Ólafsvík. Það var Sigurður Höskuldsson ásamt hlómsveit sinni sem héldu tónleikana. Leikin voru nær eingöngu ný lög eftir Sigurð eða Sigga Hösk eins og hann er kallaður í bransanum. Tekstarnir við lögina komu m.a. frá Kristjáni Hreinssyni, Jóni Hjartarsyni, Ottó Árnasyni og afa Sigga honum Magnúsi Jónssyni í Gíslabæ og við það lag fannst undirrituðum vera góður teksti og gott lag en það heitir Mjúkar hendur. Lög Sigga eru almennt mjög góð og áheyrileg og hann söng þau öll sjálfur en einnig söng Aðalsteinn Kristófersson með honum í nokkrum þeirra. Hljómsveitin flutti mörg lög



og í lokin varð hún að spila mörg aukalög og áheyrendur stóðu á fætur og klöppuðu tónlistarfólkinu lof í lófa. Allar útsetningar voru eftir Sigga

sjálfan. Að tónleikum loknum færði Hulda Kristjánsdóttir móðir Sigga honum fallegan blómvönd og var hún svo sannarlega ánægð með „strákinn“ sinn.

Þessir tónleikar voru nær því að vera tónlistarveisla en með Sigga spiluðu frábærir tónlistarmenn. Á bassa lék Sigurður Elinbergsson en hann hefir leikið með Sigga frá

1965. Á trommur var Eðvarð Vilhjálmsson sem er nýr í hlómsveitinni. Þá lék á gítar Aðalsteinn Kristófersson en að sögn Sigga hefur hann alið hann upp í tónlistinni og það hefur greinilega tekist vel. Þá léku þau Valentina Kay á hljómborð og Evgeny Makeev á saxafón og flautu og settu þau svo sanarlega sinn svip á tónlistina. Ekki má gleyma gestaleikaranum en það var Sigurður Gíslason og lék hann listavel á rafmagnsgítar og sannarlega voru það flott tilþríf.

Siggi á svo sannarlega heiður skilin hve mikin skerf hann hefur lagt til tónlistarmála í bæjarfélaginu og verður það seint þakkað. Þá er fjölskyldan öll mikið „músik“ fólk bæði systkini, dætur hans og ekki hefur frúin Guðmunda Wium verið langt undan. Til hamningu Siggi Hösk.

PSJ



Starfsmannafélag Dala og Snæfellsnessýslu

20 ára 8. mars 2007

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður haldinn í Dalabúð, Búðardal laugardaginn 14. apríl kl.17:00

### Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf  
Önnur mál

Í tilefni af 20 ára afmæli félagsins verður veglegur kvöldverður borinn fram að fundi loknum og síðar mun hljómsveitin Kopar bregða á leik og spila fram til kl. 01:00

Að því tilefni viljum við skora á alla félagsmenn okkar að mæta og njóta góðra samveru í gleði og starfi.

Rútuferðir verða til og frá :

Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi.  
Brottfaratími frá hverjum stað auglýstur síðar.

Vinsamlegast skráið ykkur á lista hjá trúnaðarmanni eða hafið samband við skrifstofu.

Sími:436-1077 Fax: 436-1078  
Netfang: sds@simnet.is

Með von um að sjá sem flesta!

Stjórnin

## AÐALFUNDUR Krabbameinsfélags Snæfellsness

Fimmtudaginn 12. apríl kl: 20:30  
verður aðalfundur

Krabbameinsfélags Snæfellsness  
haldin í Samkomuhúsi  
Grundarfjarðar

Venjuleg aðalfundarstörf  
fyrirlestur

Allir velkomnir

Stjórnin

# VIRKIÐ *auglýsir*

Síminn hjá okkur er: 436 6844

AFGREIÐSLUTÍMI: Mánud. - fimmtud. 9-18 - föstud. 9-19 - laugard. 13-18 - sunnud. 13-16



## Allt í matinn yfir páskahátíðina!

Grísalundir  
Nautalundir  
Nautafilé  
Kálfalundir  
Kálfabuff  
Kálfasnitset  
London lamb  
Lambafilé  
Veislukjúlli  
Kjúklingabringur  
Krydduð læri  
Grísakótilettur nýjar  
Grísakótilettur léttreyktar  
Marinerað grillkjöt  
í miklu úrvali  
...og margt margt fleira!



Ali hamborgarahryggir  
Ali bayonneskinka  
**30% afsl. við kassa!**

## Fullt af öðrum spennandi tilboðum í gangi!

### Afgreiðslutími yfir hátíðina:

Miðvikud. 4. apríl	9-19
Skírdagur 5. apríl	13-17
Föstudag. langi	LOKAÐ
Laugard. 7. apríl	13-18
Páskadagur	LOKAÐ
Annar í páskum	LOKAÐ

Óskum öllum bæjarbúum  
gleðilegrar páskahátíðar



Verið velkomin!

**VIRKIÐ**  
- Eyrir þig -